



Fundargerð aðalfundar

Haldinn í húsakynnum Samorku

Priðjudaginn 12. apríl 2016, kl. 14:00

Kristín Vala Matthíasdóttir, formaður félagsins, opnaði fundinn og bauð fundarfólk velkomið. Gengið til dagskrár.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.

Formaður gerði tillögu um Sæunni Halldórsdóttur sem fundarstjóra og Sigurjón Norberg Kjærnested sem fundarritara og var tillagan samþykkt. Tók Sæunn við fundarstjórn.

2. Skýrsla stjórnar um starfsemina á liðnu ári.

Formaður flutti skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2015-2016.

3. Lagður fram endurskoðaður ársreikningur félagsins.

Liðir 3 og 5 í dagskrá voru teknir saman og sá Claus Ballzus gjalkeri JHFÍ um báða þá liði. Claus lagði fram og kynnti endurskoðaðan ársreikning félagsins fyrir árið 2015. Hann var einróma samþykktur.

Claus lagði fram til samþykktar fjárhagsáætlun fyrir næsta ár. Tvær tillögur er varða forsendur hennar voru fluttar. Í fyrsta lagi kynnti Claus tillögu um að stjórn samtakanna hefði heimild til 10% hækkunar árgjalda félagsins, bæði fyrir einstaklinga og lögaðila. Einnig kom fram tillaga um 500 krónu hækkun árgjalds einstaklinga og sambærilega hækkun fyrir lögaðila, var sú tillaga borin fyrst fram til samþykktar og féll hún á jöfnum atkvæðum. Tillaga Claus var samþykkt einróma. Fjárhagsáætlun var svo samþykkt einróma.

4. Tillögur til breytinga á samþykktum félagsins.

Fyrir fundinum lágu engar tillögur til breytinga á samþykktum félagsins.

5. Lögð fram fjárhagsáætlun næsta árs til samþykktar. Ákvörðun félagsgjalda.

Liður tekinn fyrir samhliða lið 3 í dagskránni.

6. Kosning stjórnar. Ennfremur skulu kosnir tveir skoðunarmenn reikninga og einn til vara.

Á aðalfundi 2015 voru kjörin til tveggja ára stjórnarsetu þau Hildigunnur H. Thorsteinsson, varaformaður JHFÍ, Claus Ballzus og Steinunn Hauksdóttir. Kjörtímabil eftirfarandi stjórnarmanna var útrunnið: Kristín V. Matthíasdóttur, formaður JHFÍ, Sigurjón N. Kjærnested, Egill Júlíusson og Magnús Þór Jónsson. Egill gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu og var honum þakkað fyrir hans vinnu í þágu félagsins. Kristín, Sigurjón og Magnús gáfu öll kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu, ásamt því sem framboð barst frá Sigurði H. Markússyni. Ekki voru fleiri í kjöri og var kjör þessara einstaklinga samþykkt með lófaklappi fundargesta.



Jarðhitafélag Íslands

Loks voru Benedikt Steingrímsson og Gunnar Ingi Gunnarsson kosnir – með lófataki – til áframhaldandi starfa sem skoðunarmenn reikninga félagsins, sem og Oddur Björnsson sem skoðunarmaður til vara.

7. Upplýsingar um inngöngu nýrra félaga.

Frá síðasta aðalfundi hafa 17 einstaklingar gerst aðilar að félaginu. Þeir eru:

- Elvar Bjarkason, The University of Auckland
- Páll Erland, Orku Náttúrunnar
- Cari Covell, Háskólinn í Reykjavík
- Philip Kiruja, Háskólinn í Reykjavík
- Smári Guðfinsson, Eflu
- Ximena Muguruza, Háskólinn í Reykjavík
- Lilja Tryggvadóttir, Mannvit
- Marín Ósk Hafnadóttir, HS Orku
- Sigrún Brá Sverrisdóttir, HS Orku
- Sunna Björg Reynisdóttir, Eflu
- Hannibal Kjartansson, Hitaveitu Flúða
- Haukur Ásgeirsson, RARIK
- Steinþór Níelsson, ÍSOR
- Birgir Jónsson, Háskóla Íslands
- Guðjón Eggertsson, Liverpool University
- Jóna Bjarnadóttir, Landsvirkjun
- Sveinborg Hlíf Gunnarsdóttir, ÍSOR

8. Önnur mál.

Ekki komu fram önnur mál

Að aðalfundi loknum var vorfundur félagsins haldinn á sama stað, þar sem þema fundarins var: „Rekstur og viðhald á borholum“. Gögn aðalfundarins og erindi vorfundarins má nálgast á vef félagsins, www.jarðhitafelag.is.

Aðalfundi var slitið kl. 14:30.

Sigurjón N. Kjærnested, fundarritari